

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra árið 2006.

#### 1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðu og sorpeyðingu fyrir árið 2006 sbr. samþykkt nr. 137/2005 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra.

#### 2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr. 11.000 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 5. 500
3. flokkur	Gámaþjónusta og sorpeyðing - sumarhús	kr. 3.900
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr. 11.000

#### 3. gr.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2006.

*Hvolsvelli, 18. janúar 2006.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Ágúst Ingi Ólafsson** sveitarstjóri.